Alþýðusamband Íslands

Tillaga ASÍ um framhald samstarfs aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um aðgerðir til að endurreisa efnahags- og atvinnulíf og fjölga störfum

Í aðdraganda kosninganna í apríl 2009 höfðu aðilar vinnumarkaðarins frumkvæði að því að efna til víðtæks samráðs vinnumarkaðarins og stjórnmálaflokkanna um mótun stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum með það að markmiði að varða leiðina út úr þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stæði frammi fyrir. Sett voru fram drög að aðgerðaáætlun og skilgreind skýr og tölusett markmið um helstu lykilstærðir eins og vexti, gengi, verðbólgu, ríkisfjármál, lífskjör almennings og atvinnustig.

Með gerð Stöðugleikasáttmálans, sem var afrakstur viðræðna aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um nánari útfærslur þessara markmiða, var lagður grunnur að samstarfi þessara aðila ásamt því að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um einstaka atriði.

Þrátt fyrir að margt hafi vel tekist við endurreisn efnahagslífsins, er ljóst að þessi sáttmáli hefur ekki reynst sá vettvangur umræðu og ákvarðanatöku sem vænst var. Ítrekaðar tafir hafa orðið á framvindu áætlunar AGS og stjórnvalda m.a. vegna deilunnar um Icesave reikninganna. Alvarlegar deilur um einstaka þætti sáttmálans hafa markað djúp spor í samstarfið og nýverið sagði framkvæmdastjórn SA sig formlega frá sáttmálanum, þannig að staða hans er óljós sem stendur.

Forysta ASÍ lýsir því miklum áhyggjum með stöðu þessara mála. Þau markmið sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu frumvæði að því að setja um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins og bætta stöðu heimila og fyrirtækja, standa óbreytt. Minnt er á að allt að 15.000 manns eru án atvinnu sem stendur og verulegar líkur á að þeim fjölgi enn frekar. Ábyrgð samningsaðila vinnumarkaðar er mikil og væntingar launafólks og almennings standi til þess að við höfum ákveðna forystu um að leiða þjóðina út úr þessum ógöngum. Við þessu verðum við að bregðast – hvað sem viðkemur einstaka deiluefnum – þrátt fyrir vonbrigði með hvernig til hafi tekist.

Því leggur forysta ASÍ til, að í stað þess að einblína á samninginn frá 25. júní 2009 sameinist aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld um að leita sameiginlegra lausna á þeim brýnu verkefnum sem framundan eru. Við væntum þess að ríkisstjórn og Alþingi efni þau atriði sáttmálans, sem þegar er búið að setja í farveg með lagafrumvörpum og ákvörðunum.

Forysta ASÍ leggur því til að efnt verði til náins samstarfs af hálfu aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um nauðsynlegar aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum á næstu vikum sem hafi það að markmiði að skilgreina þá stöðu efnahagsmála eins og hún blasir við nú, m.a. á grunni afgreiðslu AGS á öðrum hluta efnahagsáætlunarinnar í síðustu viku. Að mati ASÍ er viðfangsefnið að mynda grunn að umfangsmikilli aðgerðaráætlun í efnahags- og atvinnumálum sem geti verið sá stökkpallur sem atvinnulífið þarf nauðsynlega á að halda til að fjölga hér störfum og auka tekjur landsmanna. Meðal þeirra atriða sem nauðsynlegt er að bregðast við eru lágt gengi íslensku krónunnar, gjaldeyrishöft og

háir vextir, viðvarandi verðbólguþrýstingur, auknar framkvæmdir á vegum hins opinbera með aðkomu lífeyrissjóðanna, staða ríkisfjármála næstu misseri og ár og erfið greiðslu- og skuldastaða heimilanna. Einnig leggur ASÍ áherslu á, að unnið verði að krafti í nefnd aðila um siðferði og samfélagslega ábyrgð í endurreisn atvinnulífsins, en skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis og Siðfræðihópsins undirstrikar mikilvægi þess að settar verði skýrari og skrifaðar leikreglur bæði í stjórnsýslu og atvinnulífi.

Það er skoðun ASÍ að forsenda árangurs sé náið samráð þessara aðila og að umfang og áhrif slíkra aðgerða verði að vera umtalsvert og muni verða ráðandi um afstöðu og þolinmæði launafólks gagnvart frekara samstarfi.